

Jón Kristjánsson,
Veiðimálastofnun.
maí 1979.

Sent Vinnuf. 10/5 79.
R.H.

Höfðavatn í Skagafirði.

Um tengingu vatnsins við sjó.

Á undanförunum árum hafa eigendur Höfðavatns velt því fyrir sér hvort æskilegt væri að opna vatnið í sjó. Hef ég jafnan dregið úr slíkum ráðagerðum af eftirfarandi ástæðum.

1. Með beinni opnum, þ.e. að grafa sundur mölina, myndi vatnsborð lækka, og síðan fylgja flóði og fjöru. Vatnið yrði hálf-salt og hrygning laxfiska í því misfarast.
2. Brim við mölina myndi valda róti, og yrði það því duttlungum háð hvort þar yrði lokað eða ekki.
3. Vatnið hefur talsverða framleiðslugetu, og ég áleit að hagkvæmast yrði að nýta það sem hreint stöðuvatn.

Síðast liðið sumar var ég enn við Höfðavatn, og athugaði aðstæður lauslega. Í ljós kom að mikil mergð smábleikju var í vatninu og stærð fiskstofnsins ört vaxandi. Þrátt fyrir að ég hefði nokkrum árum áður beðið eigendur að vera viðbúna slíkri þróun, og mæta henni með stóraukinni veiði, höfðu þeir ekki gert það. Ekki eru líkur á því að þeir geti sett inn nógu mikið veiðiálag til þess að spírna við offjölgun með öllum þeim afleiðingum sem hún hefur. Ræddu þeir nú enn um möguleikann á opnun til að bleikjan kæmist í sjó.

Það sem þetta virðist þrautarlending, taldi ég rétt að reyna að finna á þessu lausn. Ljóst er að ef hægt er að opna vatnið án þeirra vankanta sem að framan greindi, og ef bleikjan fer í sjó að afla sér fæðu og kemur í vatnið aftur, þá ykist arðsemin verulega. Einnig kæmi þá laxahafbeit til greina.

Gerði ég því nýjar athuganir á því hvernig opnun skyldi framkvæmd. Eftirfarandi skilyrði verður að setja:

1. Opnunarmannvirki verður að vera varanlegt (steypt) og með útbúnaði sem gerir kleift að ráða vatnshæðinni, svo sjór komist ekki að ráði í vatnið.
2. Það verður að vara verndað fyrir ágangi brims.
3. Gildirur verða að vera tengdar því svo hægt sé að nýta fiskstofninn.

Ég þykist nú hafa fundið hugmynd að lausn, og vil að hún verði athuguð af verkfræðingu í samráði við eigendur vatnsins. Gerð verði kostnaðaráætlun, svo hægt verði að taka ákvörðun um hvort rétt sé að ráðast í verkið.

Hugmyndir mínar eru í stuttu máli þessar: Byggja garð milli Þórðarhöfða og Bæjarmalar, þannig að myndað verði forlón (svipað og í Lárósi) í krikanum við Höfðann, og það síðan opnað með skurði í sjó. Í garðinum verði komið fyrir nauðsynlegum gildruútbúnaði og þar fari fram stjórnun vatnshæðar. Það sem þarf að kanna er hvort hægt sé að byggja slíkan garð og hvað það kostar. Æskilegt er að framkvæma slíka úttekt nú í sumar.

HÖFÐAVATN

ÞÓRÐARHÖFÐI

GRATT
ISJÓ

FORLÖN

→ N

GARÐUR

GILDRÁ

ÞÆSARMÖG

500 m.

